

# Hverfisráð Hríseyjar

## 102. fundur

Mánudaginn 8. ágúst 2016 kl 10:00 var haldinn 102. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

### Fundargerð:

#### 1. Deiliskipulag hafnarsvæðis

Hverfisráð er sammála um að það eigi að afleggja lóðirnar þrjár austan við ferjubryggjuna sem skilgreindar eru í deiliskipulagi hafnarsvæðis í Hrísey, staðfest 8. október 1996, og að það eigi að færa veginn að Salthúsinu. Einnig er hverfisráð sammála um að það eigi að búa til almennings- og skemmtigarð þar. Hvað varðar gönguleiðir á svæðinu, er hverfisráð hlynnt því að nota tillögu sem Ferðamálafélagið lét teikna upp fyrir nokkrum árum, enda er m.a. kostur við hana að um beina gönguleið að ferjunni er að ræða.

Þorgeir Jónsson og Pétur Ásgeir Steinþórsson vilja auk þess koma á framfæri að það ætti að skoða bílastæðamál við ferjuna og skipuleggja bílastæðin betur. Bendir Þorgeir á að það vanti stefnu Hríseyjar hvað varðar umferð almennt, s.s. hvort Hrísey eigi að vera bíllaus eða ekki.

#### 2. Framkvæmdir á hátíðarsvæði

Hverfisráð er sammála um að það eigi að kaupa leiktæki („aparólu“) fyrir hátíðarsvæðið. Skv Þorgeiri Jónssyni er áætlaður kostnaður við kaup leiktækis um kr. 800.000 en uppsetning um kr. 400.000. Umsjón með kaupum og uppsetningu tækisins hefur Þorgeir Jónsson.

#### 3. Aðstöðuhús á Sandinum

Fyrirhugað er að koma fyrir þjónustuhúsi á Árskógssandi við ferjubryggju, m.a. með snyrtingu og möguleika fyrir vöruafgreiðslu. Þorgeir Jónsson ætlar að ræða frekar við Helgu Íris Ingólfssdóttur, verkefnisstjóra brothættra byggða fyrir Hrísey og Grímsey.

#### 4. Fulltrúi í verkefnastjórn Brothættra byggða

Fulltrúi í verkefnastjórn Brothættra byggða verður Þorgeir Jónsson.

#### 5. Önnur mál

Claudia Werdecker bendir á að það vantar hundasvæði í Hrísey. Ætlar hún að tala við hundaeigendur í Hrísey um hvar hundasvæðið ætti helst að vera staðsett.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 10:55.

Þorgeir Jónsson  
Pétur Ásgeir Steinþórsson  
Claudia Werdecker